



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR
Stjórnsýsluhúsinu Borg, 2. hæð, 801 Selfoss
Sími: 486-4400 Fax:486-4490
Heimasíða: www.gogg.is Netfang: gogg@gogg.is

Álagningarreglur fasteignagjalda 2012

Fasteignaskattur

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Sveitarstjórn hefur ákveðið að skattprósenta skuli vera eins og að neðan greinir:

Fasteignaskattur A, 0,475% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahúsnaði ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,5% af fasteignamati

Allar aðrar fasteignir svo sem iðnaðar-, skrifstofu og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Sorpeyðingargjöld

Íbúðarhús kr. 13.786.-
Frístundahús kr. 9.101.-
Lögbýli kr. 6.068.-
Fyrirtæki kr. 12.135.-

Sorphirðugjöld

Grátunna/Blátunna 240L flát kr. 12.605.- / 5.467.-
Grátunna/Blátunna 600L flát kr. 36.373.- / 16.737.-
Grátunna/Blátunna 1.100L flát kr. 59.778.- / 27.053.-

ATH: Gámar í sumarhúsaþverfum eru einungis fyrir heimilissorp og verða fjarlægðir ef það er ekki virt.

Lóðarleiga á Borgarsvæði er 1% af lóðarmati

Vatnsgjald

Vatnsgjald frá vatnsveitu sveitarfélagsins fyrir íbúðarhúsnaði og frístundahús er 0,23% af álagningarstofni fasteigna skv. 7. og 8. gr.laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum. Vatnsgjald fyrirtækja er 0,20% af álagningarstofni fasteigna. Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti.

Hámarksálagning verði kr. 40.000 fyrir frístundahús og kr. 40.000 fyrir íbúðarhús en lágmarksálagning verði kr. 20.000.- á frístundahús og kr. 20.000.- á íbúðarhús.

Tengigjöld (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 359.088.-

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 541.363.-

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 20.000.-

Hitaveita

Stofngjald Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er kr. 518.281.- + 7 % virðisaukaskattur.

Innifalið í stofngjaldi er ein mælagrind.

Rúmmetragjald skv. mæli er kr. 96,87 + 2% umhverfis- og auðlindaskattur + 7% virðisaukaskattur.

Frístundahús sem er með hemil greiðir lágmarksstillingu 3,0 l/mínútu eða kr. 6.108.- á mánuði + 2% umhverfis- og auðlindaskatt + 7% virðisaukaskatt, sbr. A-liður 5. gr.

Frístundahús sem er með mæli og greiðir skv.rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða kr. 6.108.- á mánuði + 2% umhverfis- og auðlindaskatt + 7% virðisaukaskatt., sbr. A-liður 5. gr.

Seyrulosunargjald

Seyrulosunargjald greiðist fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Árlegt gjald fyrir seyrulosun, tæmingu rotþróa, er 6.555 kr.

Holræsagjald í þéttbýlinu Borg og í Ásborgum verður 0,1% af fasteignamati húss.

Sumarið 2012 verða losaðar allar þrær við Hallkelshóla, Búrfellsveg, Miðengi, Vaðnes, Snæfoksstaði og í Öndverðanesi.

Þrær verða að vera aðgengilegar fyrir losunaraðilann, gott væri að merkja staðsetninguna með stöng eða flaggi. Þannig getur losunaraðili gengið til verks þó að enginn sé heima við. Gæta þarf þess að losunaraðili komi ekki að lokuðu hliði.

Hægt er að greiða álögd gjöld með kreditkorti.

Grímsnes- og Grafningshreppur tilkynnir hér með að hvorki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfapósti fyrir árið 2013 heldur verður það gert með þeirri nýbreytni að fasteignaeigendur nálgast álagningarseðil sinn þegar þeim hentar á upplýsinga- og þjónustuveitunni Ísland.is. Þessi birting kemur í stað þess að tilkynning sé send út með hefðbundnum bréfapósti. Áfram verður hægt að óska eftir álagningarseðli í bréfapósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 486-4400 eða á netfangið gogg@gogg.is